



**Samband íslenskra
kvikmyndaframleiðenda**

**Ársskýrsla Sambands íslenskra
kvikmyndaframleiðenda starfsárið 2021-2022**

Lögð fram á aðalfundi 2. júní 2022



Samband Íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) vinnur að því að efla íslenska kvikmyndagerð og gæta hagsmuna og réttar sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda. Félagið kemur fram fyrir hönd aðildarfélaga gagnvart stjórnvöldum, menningarstofnunum, fjölmiðlum og öðrum félagasamtökum. SÍK starfar sem aðildarfélag innan Samtaka iðnaðarins (SI). Stjórn SÍK vinnur í samráði við SI þar sem unnið er heildstætt að umbótum á starfsumhverfi iðnaðarfyrirtækja; að efla gæði og skilvirkni starfsumhverfis ásamt því að auka samkeppnishæfni aðildarfélaga.

SÍK vinnur að því að skapa öflugan og samkeppnishæfan sjónvarps- og kvikmyndaiðnað og að Ísland sé fremst á meðal þjóða í kvikmyndagerð. Það hefur verið í höndum stjórnar SÍK að vinna að stefnumótun, forgagnsröðun hagsmunamála og málefnavinnu fyrir hönd fyrirtækja í kvikmyndaframleiðslu. Tengiliður SÍK á liðnu starfsári var Lilja Björk Guðmundsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði.

Stjórn SÍK

Stjórn SÍK var kjörin á aðalfundi þann 8. október 2021 og skipar eftirfarandi aðila:

Kristinn Þórðarson, *formaður*

Hilmar Sigurðsson, *gjaldkeri*

Inga Lind Karlsdóttir, *meðstjórnandi*

Guðbergur Davíðsson, *meðstjórnandi*

Júlíus Kemp, *meðstjórnandi*

Hlín Jóhannesdóttir, *varamaður*

Anton Máni Svansson, *varamaður*

Á hvern stjórnarfund eru boðaðir bæði aðal- og varamenn og telst fundurinn löglegur séu þrír eða fleiri mættir skv. 3. gr. samþykka sambandsins. Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 7 stjórnarfundir, auk funda við ráðherra ríkisstjórnarinnar. Innan SÍK starfa nú 32 virk fyrirtæki kvikmyndaframleiðenda.

Á tímabilinu hefur verið unnið þétt í hagsmunamálum SÍK og verða þau helstu rakin hér í framhaldi.

Hagtölur greinarinnar

Velta í framleiðslu á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni árið 2021 nam 27 milljörðum króna, sem er aukin velta frá 2020. Þrátt fyrir tilvist Covid-19 heimsfaraldursins jókst veltan á milli ára og verkefnum fjölgaði. Það er því ánægjulegt að sjá að mikil veltuaukning hafi átt sér stað í kvikmynda-myndbanda- og sjónvarpsframleiðslu þrátt fyrir þær áskoranir sem iðnaðurinn hefur staðið frammi fyrir síðast liðin tvö ár.

Stefnumál starfsársins

Á fyrsta fundi nýkjörnar stjórnar SÍK þann 5. nóvember 2021 var ákveðið að rétta kúrsinn af eftir Covid-19 og halda aðalfund strax um vorið 2022. Þannig hefur starfsár stjórnar verið styttra en venja er. Stuttu eftir að ný stjórn SÍK tók við tók til starfa ný ríkisstjórn þann 28. nóvember sl. Fyrstu verk stjórnar SÍK voru að greina stefnu nýrrar ríkisstjórnar og hvaða málefni væru í forgangi. SÍK hélt áfram ötulli hagsmunabaráttu og samráði við stjórnvöld. Eitt af fyrstu verkefnum stjórnar var að hefja samtal við nýjan ráðherra og tryggja skilning á mikilvægi þess að greinin vaxi og dafni, innanlands sem og í alþjóðlegu samhengi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2021-2025 er lögð sérstök áhersla



á eflingu hugverkaiðnaðar og þar á kvikmyndaiðnaður sannarlega heima. Í stjórnarsáttmálanum kemur jafnframt fram að kvikmyndagerð hafi orðið sífellt mikilvægari þáttur í íslensku atvinnu- og menningarlífi síðustu ár og tækifærin séu ótal mörg. Þá kemur fram að ríkisstjórnin muni styðja enn frekar við greinina með hærri endurgreiðslum á skýrt afmörkuðum þáttum til að stuðla að því að fleiri stór verkefni verði unnin alfarið á Íslandi og tryggja aukinn fyrirsjáanleika í fjármögnun kerfisins. Ljóst er að spennandi tímar eru framundan fyrir SÍK og greinina í heild sinni. Hér í framhaldi verður farið yfir þau stefnumál sem stjórn SÍK hefur unnið að síðustu mánuði.

Lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2021-2025 er sérstaklega kveðið á um hækkun á endurgreiðslum á skýrt afmörkuðum þáttum til að stuðla að því að fleiri stærri verkefni verði unnin hérlandis. Stjórn var samhuga um að leggja áherslu á hækkun hlutfalls endurgreiðslna í 35%. KP og HS funduðu með Lilju Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptamálaráðherra þann 4. febrúar 2022 þar sem farið var yfir mikilvægi endurgreiðslukerfisins ásamt tillögu að hækkun endurgreiðsluhlutfalls. Fundurinn gekk vonum framur þar sem ráðherra lýsti fyrirætlanum sínum um að styðja við íslenskan kvikmyndaiðnað.

Þann 10. febrúar 2022 barst SÍK beiðni um tilnefningu í starfshóp um endurskoðun laga nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Stjórn SÍK tilnefndi KP og ILK sem fulltrúa SÍK. Starfshópurinn fundaði í þriggja en þann 10. maí sl. kynnti menningar- og viðskiptaráðuneytið til samráðs frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999 um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. SÍK skilaði umsögn þann 12. maí sl. þar sem frumvarpinu var fagnað en gerðar voru athugasemdir við þau skilyrði sem uppfylla þarf til þess að verkefni hljóti 35% endurgreiðslu. Annars vegar að viðmiðunarfjárhæð fyrir framleiðslukostnað skuli miðast við 150. m.kr. enda myndi slíkt viðmið þjóna fleiri verkefnum og styrkja þannig greinina í heild sinni. Hins vegar var lögð áhersla á að ákvæði um fjölda starfsmanna yrði skýrt nánar og tæki til allra aðila sem koma að gerð verkefnis hverju sinni, þ.e. allt frá upphafi ferils til eftirvinnslu. Þá var lögð áhersla á að hækkað yrði hlutfall endurgreiðslna þeirra verkefna sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði með vísan í menningarígildi og íslenska tungu. Mikilvægt væri að sporna gegn því að framleiðsla minni verkefna, sem þýðingarmikil eru í listrænu og menningarlegu samhengi, yrðu eftirbátur í sjónvarps- og kvikmyndagerð. Þann 24. maí sl. óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn vegna frumvarpsins. SÍK skilaði inn uppfærðri umsögn þann 30. maí sl. Sigríður Mogensen, sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI, KP og LBG mættu fyrir nefndina þann 31. maí og svöruðu spurningum nefndarinnar. Þegar þessi skýrsla er rituð er málið til umræðu hjá atvinnuveganefnd Alþingis.

IHM

HS hefur leitt viðræður fyrir hönd SÍK með aðstoð Tómasar Þorvaldssonar lögmanns. Mikill tími og vinna hefur farið í samningaviðræður og málaferli vegna hækkunar á hlutfalli réttindagreiðslna úr sjóðnum. Erfiðlega gekk að semja um viðunandi hlutfall og vísa þurfti málinu til Gerðardóms. Þann 6. desember 2021 gerðu aðildarfélag IHM með sér gerðarsamning um tilhögun kröfugerðar og málflutnings fyrir gerðardómi. Aðilar skiluðu greinargerðum og andsvörum og málið var tekið fyrir þann 23. mars sl. og aðalmeðferð fór fram dagana 9. og 10. maí sl. SÍK gerði kröfu um að helmingur allra tekna IHM, sem innheimtast á grundvelli 11. gr. höfundalaga, að frádregnum kostnaði IHM, rynni óskipt til sambandsins og Félags hljómplötuframleiðenda (FHF). Til vara var þess krafist að SÍK og FHF yrðu sameiginlega og óskipt dæmdur þriðjungur af heildartekjum, að frádregnum kostnaði IHM, en að því

frágengnu að SÍK yrði dæmt hlutfall tekna IHM, að frádregnum kostnaði samtakanna, að mati gerðardómsins, þó aldrei lægra hlutfall en 24%. Niðurstaða gerðardóms var að hlutur SÍK var ákveðinn 18% (var 12,64%) sem er 5,36% hækkun frá fyrra hlutfalli. Niðurstaðan er farsæl fyrir SÍK enda fór mikil vinna í andsvör við rökstuðningi annarra félaga (SKL og RSÍ) um hvort SÍK væri réttmætur rétthafi IHM greiðslna. SÍK hefur þegar lagt fram töluverðan kostnað vegna þessa en lögfræðikostnaður nemur nú samtals tæpum 7 milljónum króna síðast liðin 3 ár vegna lögfræðikostnaðar.

Kvikmyndasjóður

Þann 22. nóvember 2021 var birt á samráðsgátt Stjórnarráðsins drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð. Stjórn SÍK fjallaði um drögin og skilaði inn umsögn þann 12. desember 2021. Stjórn fór yfir drögin og þær breytingar sem þar voru kynntar. Stjórn samþykkti að gera almenna athugasemd þess efnis að reglugerðin fæli í sér ítarlegar og eftir atvikum of íþyngjandi kröfur til umsækjenda, skerpa þurfi verklag og tímafresti sem KMÍ vinnur eftir. Stjórn samþykkti einnig að kallað yrði eftir meira samráði við KMÍ. Niðurstöður eru enn í vinnslu hjá menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

Sjónvarpssjóður

Stjórn SÍK var leiðandi í viðræðum við stjórnvöld um stofnun Sjónvarpssjóðs. Síðast liðin ár hefur starfshópur unnið að útfærslu á reglum nýs fjárfestingasjóðs til sjónvarpsþáttaframleiðslu í samráði við Kvikmyndaráð. KP hefur setið sem fulltrúi SÍK í þeirri vinnu. Þann 23. febrúar sl. var birt frumvarp til laga um breytingu á kvikmyndalögum nr. 137/2001 (skilyrtir framleiðslustyrkir o.fl.) inn á samráðsgátt Stjórnarráðsins. Stjórn SÍK var því brugðið vegna þeirra breytinga sem frumvarpið boðaði. Frumvarpið kvað á um sameiginlegan sjóð fyrir sjónvarps- og kvikmyndagerð þvert á Kvikmyndastefnu til ársins 2030. Aðgerð 1. b. í þeirri stefnu kveður sérstaklega á um stofnun nýs fjárfestingasjóðs sjónvarpsefnis og tilgreinir þar orðrétt að hlutverk sjóðsins lúti eingöngu að framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþátta. Stjórn SÍK hóf samtal við menningar- og viðskiptaráðuneytið og gerði athugasemdir við að styrkir til kvikmyndagerðar skyldu veittir með skilyrði um endurgreiðslu hluta hagnaðar af tekjum kvikmynda enda hafi það ekki verið tilgangur með stofnun sjónvarpssjóðs. Þegar lagt var af stað í þá vinnu var lögð sérstök áhersla á að fjármögnun framleiðslu kvikmynda- og sjónvarpsefnis er afar ólík sem og tekjur þeirra.

Stjórn SÍK óskaði eftir fundi með fulltrúum menningar- og viðskiptaráðuneytisins. KP og LBG sóttu þann fund ásamt aðstoðarmanni ráðherra, skrifstofustjóra, yfirlögfræðingi og lögfræðingum ráðuneytisins. KP kom þar á framfæri helstu athugasemdum SÍK og gagnrýndi ráðuneytið fyrir samráðsleysi á jafn viðamiklum breytingum og kynntar voru í frumvarpinu. Fundurinn var áhrifaríkur en frumvarpið var tekið til endurskoðunar. Í kjölfarið hafa Kvikmyndaráð og Kvikmyndamiðstöð verið boðuðu á fundi til samráðs um málið. Nú stendur yfir vinna við gerð að drögum að reglum um Sjónvarpssjóð.

Kjaramál

Á liðnu starfsári hefur stjórn SÍK fjallað um áherslur kvikmyndaiðnaðarins í kjaramálum. Guðmundur Heiðar Guðmundsson, lögmaður á vinnumarkaðssviði Samtaka atvinnulífsins, hélt erindi á stjórnarfundi þann 24. febrúar sl. þar sem rætt var m.a. um undirbúning viðræðna við gerð heildarkjarasamnings vegna tæknifólks í rafiðnaði. Þá var einnig rætt um gerð kjarasamninga innan kvikmyndaiðnaðarins með tilliti til eðli greinarinnar. Guðmundur vísaði í aðrar greinar sem eru árstíðarbundnar og sveiflukenndar, svo sem kjarasamning við leiðsögumenn, og hvatti stjórn til þess



að kynna sér uppbyggingu samningsins. Stjórn mun taka málið upp að nýju í haust og skoða hvort fýsilegt sé að fara í gerð sambærilegra samninga fyrir greinina.

Í því samhengi ber að nefna að HJ hefur verið fulltrúi SÍK í starfshópi um fjölskylduvæna kvikmyndagerð. Fundað hefur verið með hagaðilum, þ.e. Kvikmyndamiðstöð, FK og FTF. Ákveðið var að mynda vinnuhópa um sértæk atriði svo sem vinnutíma, vinnulöggjöf, fræðslumál og öryggismál á tókustað. Sú vinna stendur enn yfir.

Fjármálaáætlun 2023-2027

SI skilaði umsögn um fjármálaáætlun ríkisstjórnar 2023-2027 þar sem stjórnvöld voru hvött til þess að auka fjárheimildir vegna endurgreiðslu kvikmyndagerðar og að fjárheimildir endurspegli umfang greinarinnar. Í því samhengi var fjallað um hagræn áhrif endurgreiðslukerfisins sem hefur stutt við aukna verðmætasköpun hérlendis, áhrif kerfisins á greiðslujöfnuð ríkissjóðs hafa ávallt verið jákvæð og eru þá ótalin önnur afleiðd áhrif af kvikmyndaframleiðslu svo sem gjaldeyrisöflun, sköpun beinna og óbeinna starfa og jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna. SI lagði áherslu á að undanfarin ár hefur fjárhæð áætlaðra endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar verið vanáætluð og töluvert lægri en raun ber vitni. Þannig hafa útgefin vilyrði stjórnvalda vegna endurgreiðslna á kvikmyndaframleiðslu verið mun hærri en fjárlög kveða á um. Þannig hafa endurgreiðslur vegna útgefina vilyrða stöðvast tímabundið þegar fjárhæð útgefina vilyrða fer yfir fjárhæð í fjárlögum. Vegna vanáætlunar stjórnvalda tefjast endurgreiðslur ítrekað. Hefur þetta skapað mikla óvissu fyrir kvikmyndaframleiðendur sem standa frammi fyrir því að þurfa að fjármagna framleiðslu með aukinni lántöku með tilheyrandi kostnaði allt þar til endurgreiðslur berast á ný. SI lögðu til að áætluð fjárhæð vegna endurgreiðslna yrði hækkuð með tilliti til raunfjárhæðar endurgreiðslna fyrra árs. Þannig myndu stjórnvöld stuðla að fyrirsjáanleika fyrir kvikmyndaframleiðendur og tryggja skilvirkni endurgreiðslukerfisins.

Aðild og þátttaka í öðrum félögum

Frá árinu 2016 hefur verið starfrækt Hugverkaráð Samtaka iðnaðarins en í því eiga sæti fulltrúar allra starfsgreinahópa þeirra atvinnugreina sem byggja afurðir sínar á tækni og hugverki. ILK hefur setið í hugverkaráði fyrir hönd SÍK. Þá er SÍK einn af þremur aðilum í íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni sem heldur Edduhátíðina á hverju ári, auk þess að standa fyrir vali á framlagi Íslands til Óskarsverðlaunanna fyrir bestu erlendu kvikmyndina. HJ er fulltrúi SÍK og formaður stjórnar ÍKSA og AJ er jafnframt stjórnarmaður í ÍKSA.

Lokaorð

Samstarfið í stjórn SÍK frá síðasta aðalfundi hefur verið mjög gott og hafa allir meðlimir stjórnarinnar verið mjög samstíga um hagsmuni kvikmyndaframleiðenda á Íslandi og að byggja upp stærri og öflugri kvikmyndaiðnað. Líkt og áður greinir hefur starfsárið verið styttra en venja er en það hefur ekki komið að sök þar sem stjórnin hefur unnið farsælega í fjölmörgum hagsmunamálum. Framundan eru spennandi verkefni þar sem greinin í heild sinni hefur fengið góðan meðbyr með nýrri ríkisstjórn. Stjórn SÍK vill nýta þann jákvæða stíganda sem ríkir um þessar mundir og vinna ötult að því að tryggja hagsmuni greinarinnar eins og best verður á kosið.



Reykjavík, 2. júní 2022

Stjórn SÍK

Kristinn Þórðarson, *formaður*

Hilmar Sigurðsson, *gjaldkeri*

Inga Lind Karlsdóttir, *meðstjórnandi*

Guðbergur Davíðsson, *meðstjórnandi*

Júlíus Kemp, *meðstjórnandi*

Hlín Jóhannesdóttir, *varamaður*

Anton Máni Svansson, *varamaður*